

Melrakkasetur Íslands ehf.

Ársskýrsla fyrir starfsárið 2019



Stjórn og fundir

Aðalfundur fyrir starfsárið 2018 var haldinn þann 19. Október 2019. Endurkjörin til stjórnar voru þau Ester Rut Unnsteinsdóttir, Elín Gylfadóttir, Örn Elías Guðmundsson og Kristján Andri Guðjónsson. Auk þeirra var kjörin til stjórnar Anna Lind Ragnarsdóttir og Bragi Thoroddsen var kjörinn varamaður stjórnar.

Þeim Steini Kjartanssyni og Elsu Borgarsdóttur, sem gengu úr stjórn var þakkað mikilvægt og óeigingjarnt starf í þágu Melrakksetursins.

Stjórn skiptir með sér verkum þannig: Ester er formaður stjórnar og Elín ritari, aðrir stjórnarmenn eru meðstjórnendur.

Félagslegir skoðunarmenn reikninga voru þeir Ingvi Stígsson og Elías Oddsson. Þeir gáfu áfram kost á sér og voru þeir endurkjörnir fyrir starfsárið 2019. Þeirra framlag verður seint fullþakkað en stjórn og skoðunarmenn reikninga þiggja engin laun fyrir framlag sitt og störf fyrir félagið.

Stjórnarfundir voru haldnir að jafnaði á mánaðar fresti nema yfir sumartímann og boðið upp á fjarfundarbúnað/fundarsíma fyrir þá sem ekki gátu mætt á staðinn.

Framkvæmdastjóri, Stephen Midgley (Midge), starfaði í umboði stjórnar og bar ábyrgð á daglegum rekstri og starfsemi félagsins á starfsárinu þar til starfi hans lauk í byrjun maí og Sæmundur Ámundason var ráðinn sem nýr framkvæmdastjóri og tók strax til starfa. Skýrsla þessi segir frá starfinu árið 2019 en fjármál eru gerð upp frá upphafi til ársloka 2018. Sundurliðaðir ársreikningar, settir upp af Endurskoðun Vestfjarða, fylgja með í sérhefti.

Stefnumál

Aðalmarkmið Melrakkasetursins er að gera tófuna að verðmætri auðlind í sjálfbærri ferðaþjónustu. Við höfum vakið athygli á tegundinni sem einkennisdýri Vestfjarða og aukið verulega aðsókn ferðamanna til svæðisins. Ennfremur stuðlar setrið að og tekur virkan þátt í þverfaglegum rannsóknum á tegundinni í samstarfi við innlendir og erlendir rannsóknarstofnanir.

Melrakkasetrið vinnur skv. sjálfbærri hugmyndafræði og leitast við að:

- Vera til fyrirmyndar og veita fræðslu í umgengni við náttúruna.
- Afla og miðla þekkingu um vistkerfi og samspil lífvera í umhverfinu.
- Taka þátt í samstarfi og verndaráætlunum um viðkvæm náttúrusvæði.
- Byggja upp á sjálfbæran hátt þá auðlind sem felst í náttúru og dýralífi svæðisins.
- Velja vörur og þjónustu úr héraði, ef kostur er.
- Skapa störf í heimabyggð.
- Vera virk í samstarfi við vísindamenn og opinberar rannsóknastofnanir.
- Taka virkan þátt í samfélaginu með því að veita nemendum og kennurum á grunnskóla- og framhaldsstigi fræðslu og tækifæri til frumkvöðlavinnu og samstarfs.
- Þjóða grunnskólabörnum og eldri borgurum í heimabyggð ókeypis aðgang að sýningu setursins.

Mikilvægt er að starfsemin falli að stefnu setursins og að ekki verði hnikað frá ofangreindum markmiðum sem sett voru í upphafi. Gæði starfsins eiga að byggja á vísindagrundvelli og mikilvægt að þeim sjónarmiðum sé viðhaldið í starfi setursins. Samstarf við Náttúrufræðistofnun Íslands tryggir faglegan bakgrunn og tengsl við vísindaheiminn. Stefna ætti að því að styrkja frekar samband við staðbundnar stofnanir eins og Náttúrustofu Vestfjarða, Fræðasetur Háskóla Íslands, Háskóla­setrið og Byggðasafn Vestfjarða. Þar kemur eignarhald sveitafélaga að gagni og ættu þau að hafa milligöngu um slíkt samstarf, til dæmis með fulltrúum í stjórn Melrakkasetursins. Með tilkomu Melrakkasetursins varð til sérstök gerð menningar- og náttúrutengdrar ferðaþjónustu á Norðanverðum Vestfjörðum. Vaxandi aðsókn hefur leitt af sér þörf fyrir aðra starfsemi í nágrenninu, svo sem gístimöguleika, veitingastaði, afþreyingu og fleira. Þannig styrkir Melrakkasetrið stoðir samfélagsins og veitir tækifæri til uppbyggingar á öllum árstímum. Stjórn telur þó mikilvægt að áfram sé stutt dyggilega við starfsemina sem er tiltölulega ung og á viðkvæmu vaxtaskeiði. Allur stuðningur skiptir máli fyrir þetta litla verkefni, sem er svo stórt í sjálfu sér, enda eina Melrakkasetrið í heiminum.

Starfsmannamál

Stephen Midgley (Midge) starfaði sem framkvæmdastjóri setursins á starfsárinu 2019 fram til byrjunar maí, þegar Sæmundur Ámundason var ráðinn sem nýr framkvæmdastjóri og sá um reksturinn út árið.

Starfslið setursins sumarið 2019 voru þau Sara Dwarika Kale, Mattías Scott og Hinrik Jónsson, Anne Hixson, Cecile Sob, Wang Sheng og Leatitia Lionnet.

Yfir veturinn sinnti Sæmundur gestakomum, upplýsingaveitu, markaðsmálum, umsóknum og skipulagi.

Ester Rut Unnsteinsdóttir sinnti rannsóknum á Hornströndum og sá um efnisöflun, úrvinnslu og skýrslugerð fyrir Umhverfissráðuneyti og fleira. Ester starfar hjá Náttúrufræðistofnun Íslands og ber faglega ábyrgð á efni sýningar setursins og umsjón með nemendaverkefnum.

Hjálparliðar og bakland

Margir lögðu okkur lið á árinu 2019 eins og áður og það eru sífellt fleiri sem vilja koma og vinna sem sjálfbóðaliðar, bæði í rannsóknum og í Melrakkasetrinu. Nú er ekki lengur hægt að koma og vinna sem sjálfbóðaliði í setrinu sjálfu vegna átaks yfirvalda til að stemma stigu við skattsvikum og bágum kjörum í ferðapjónustunni. Við höfum þó fengið nemendur og unga vísindamenn í starfsþjálfun sem koma með okkur í vettvangsferð á Hornstrandir. Sumarið 2019 kom aftur Ingvi Stígsson sem kom í 4. skiptið, Josh Bradlow frá Englandi, Gwen La Hu frá Frakklandi, Emma Hodson frá Englandi, Phil Anker frá England og Mariana David frá Portúgal.

Ester Rut hafði umsjón með öllum ferðunum og ábyrgð á rannsóknum á ábúðarþéttleika og áhrifum ferðamanna. Eins sá hún um samskipti við háskóla þeirra sem komu sem starfsþjálfunar nema og stýrði verkefnavinnu þeirra. Það er gaman að vita til þess að svo margir erlendir aðilar vilji koma og leggja okkur lið. Þetta unga fólk setur skemmtilegan svip á bæinn okkar og sýna gott fordæmi með sínu framlagi. Á hverju ári höfum við eignast enn fleiri „sendiherra“ setursins og Súðavíkur og öruggt mál að þeirra innlegg í markaðssetningu á okkar litla verkefni er mikilvægt.

Í baklandinu okkar eru margir auðvitað enda á Melrakkasetrið marga vini, bæði meðal hluthafa og annara aðila sem styðja okkur með einum eða öðrum hætti. Er næsta víst að Melrakkasetrið væri ekki til ef ekki nyti baklandsins. Stærsti og augljósasti hópurinn eru hluthafar og reglulegir gestir okkar. Of langt er að telja alla hér en rétt er að nefna að fjölskyla Páls Hersteinssonar heitins hefur stutt dyggilega við bakið á okkur. Meðal

annars var keyptur sjónauki og tjald fyrir þeirra framlag. Við erum afar þakklát fyrir allan stuðning og velvilja, hversu stórt og smátt sem lagt er í, það er hugurinn sem gildir.

Fjármál

Melrakkasetur Íslands ehf. var stofnað á árinu 2007 í þeim tilgangi að stuðla að rannsóknum á íslensku tófunni, reka sýningaraðstöðu og skylda starfsemi. Að álitum stjórnar Melrakkaseturs Íslands ehf. koma fram í ársreikningi fyrir árið 2019 allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á rekstrarárangri setursins á árinu og stöðu í árslok. Hagnaður á árinu nam kr. 396.040,- og leggur stjórn félagsins til að hann verði færður til viðbótar eigin fé.

Hluthafar í félaginu eru 65 og eru 10 stærstu eftirfarandi:

Súðavíkurhreppur 47,268%

Ísafjarðarbær 11,763%

Iceland Sea Angling 3,66%

Hvildarklettur ehf. 3,398%

Bolungarvíkurkaupstaður 2,984%

Ólafur Örn Ólafsson 2,984%

Guðjón A. Kristjánsson (f.h. dánarb. Kristján Andri Guðjónsson) 1,307%

María Hrafnhildardóttir 1,307%

Tígur ehf. 1,307%

Salvar Baldursson 1,194%

Aðrir hluthafar eru skráðir fyrir minna en 1 % hlut

Stjórn Melrakkaseturs Íslands ehf. staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni. Ársreikningar eru settir upp af Endurskoðun Vestfjarða. Í ársreikningum félagsins fyrir árið 2019 kemur fram að heildartekjur félagsins voru 24.015.121,- milljónir og heildargjöld 23.323.00,- milljónir. Hagnaður af rekstri félagsins var 396.040,- þúsund krónur eftir fjármagnsgjöld.

Tekjur af starfseminni í Eyrardal voru rúmlega 19 milljónir á árinu, þar af voru rúmar 13.5 milljónir í aðgangseyri að sýningunni. Styrkir sem fengust á árinu voru upp á rúmar 4 milljónir. Helstu kostnaðarliðir voru laun og launatengd gjöld upp á rúmar 13 milljónir, rekstur setursins upp á rúmar 5 milljónir.

Sótt var um fjármagn til margvíslegra sjóða vegna starfsemi Melrakkaseturs Íslands og fengust styrkir á árinu 2019 uppá um 4.6 milljónir.

Starfið í Eyrardal

Að venju hófst starfsárið formlega um páskana með páskaeggjaleit. Gestafjöldi var vaxandi fram á vorið enda hefur sumarvertíðin lengst í báða enda og jafnvel alltaf einhverjar gestakomur yfir veturinn. Í samstarfi við Elínu Gylfadóttur var sett upp sýning á heimildarmynd um sögu Súðavíkur í Áftaveri þar sem boðið var uppá myndina ásamt kaffiveitingum fyrir ferðamannahópa af skemmtiferðaskipum sem leggjast að bryggju á Ísafirði. Strax uppúr miðjum maí fóru þessir hópar að koma og má segja að þetta hafi slegið í gegn enda var boðið var uppá hjónabandssælu og kaffi og margt var um manninn og allir ánægðir. Seldir voru yfir 12.000 miðar inn á sýninguna og einnig af var mikil fjölgun frá skemmtiferðaskipum, eða rétt um 4.000 farþegar frá þeim komu á setrið og hafa stór jákvæð áhrif á rekstur setursins. Í allt getum við sagt að milli 14-15.000 manns hafi heimsótt Melrakkasetrið árið 2019 sem var svipað og árið áður. Þó að sumarið sé langt stærsta tímabilið fyrir sýninguna var þokkalegur vöxtur yfir vetrartímann, sérstaklega í október og sýnir mjög jákvæð áhrif á heilsárs ferðapjónustu á Vestfjörðum. Þessi þróun er mikilvægur grundvöllur þess að við getum bætt við heilsárs starfskrafti.

Þjónustuverkefni

Rannsóknir okkar á áhrifum ferðamanna sem vilja skoða refi við greni á grenjatíma hafa leitt í ljós neikvæð áhrif á afkomu yrðlinga. Því er ekki lengur farið í slíkar ferðir á vegum eða í nafni Melrakkasetursins. En samstarf hefur verið við ferðapjónustuaðila sem vilja sýna villt dýr í náttúruskoðunarferðum. Lagt er til að gestir og leiðsögumenn heimsæki setrið áður en farið er í slíkar ferðir og fræðist um dýrin og helst aftur í bakaleiðinni. Í bæklingi sem gefinn var út af Melrakkasetrinu, með styrk frá Náttúruverndarsjóði Pálma Jónssonar, eru leiðbeiningar um sjálfbæra refaskoðun. Leiðbeiningarnar eru byggðar á athugunum og prófun sem fóru fram á okkar vegum og í samstarfi við Vesturferðir og Borea Adventures. Þá voru prófaðar aðferðir til að sýna dýrin, fá viðbrögð gestanna og sjá hvernig dýrin bregðast við þegar farið er eftir leiðbeiningum sem við höfðum þróað í verkefninu The Wild North. Afraksturinn er nokkuð skýr, gestirnir vilja frekar vera í litlum hópi og sætta sig við að halda fjarlægð við dýrin. Fleiri og fleiri vilja nálgast refina og taka myndir, sérstaklega af yrðlingum en einnig er vaxandi áhugi á að mynda refi að vetrarlagi. Í ljósi niðurstaðna um mikla truflun og ágang ferðamanna við greni ætti setrið að ráðleggja ferðapjónum að leggja meiri áherslu á ljósmyndun að vetrarlagi. Undanfarin ár hefur verið farið í slíkar ferðir að Kvíum í Lónafirði með BOREA Adventures og ítrekað hefur verið uppselt í þær. Nú er lokið við Stjórnunar og verndaráætlun Hornstrandafriðlands á vegum Umhverfisstofnunar. Þar er refunum gerð skil og gerð grein fyrir hvernig fólki ber að haga sér á þeim svæðum þar sem refir eru

með greni. Jafnframt þurfa nú þeir aðilar sem vilja kvikmynda eða ljósmynda refi á grenjatíma að óska eftir leyfi hjá stofnuninni fyrir slíku.

Melrakkasetrið hefur verið innan handar og aðstoðað kvikmyndagerðafólk sem vinnur að heimildarmyndum um dýralíf, með áherslu á melrakkann. Árið 2019 voru nokkur þannig verkefni unnin.

Rannsóknir

Vöktun íslenska refastofnsins : Náttúrufræðistofnun Íslands tók við verkefninu um vöktun íslenska refastofnsins haustið 2013. Niðurstöður rannsókna og gögn sem verða til við mælingar og athuganir á íslenska refastofninum verða áfram aðgengilegar Melrakkasetri Íslands með samstarfi í útvegum og framsetningu á fræðslu og sýningarefni. Það er afar brýnt að Melrakkasetrið haldi þeirri sérstöðu sinni að allt það efni sem þar er sett fram sé byggt á vísindalegu starfi. Þar liggur sérstaðan og fyrir það erum við þekkt, mikilvægt er að við slökum ekki á kröfunum í þeim efnum.

Náttúrufræðistofnun Íslands og Melrakkasetur Íslands vinna saman að rannsókn á refum í friðlandinu á Hornströndum þar sem fylgst er með ábúð og þéttleika grenja. Melrakkasetrið, í samstarfi við Háskóla Íslands og Náttúrustofu Vestfjarða, hafði áður sinnt þessum rannsóknum frá árinu 2008 en Ester Rut hefur heimsótt svæðið og kannað ábúðarþéttleika frá árinu 1998, sem starfsmaður þessara stofnana. Verkefnið er unnið í góðu samkomulagi við Landeigendur og Umhverfisstofnun sem hefur umsjón með landvörslu í friðlandi Hornstranda.

Að lokum

Melrakkasetrið hefur nú verið starfrækt í níu ár og má segja að það sé að slíta barnsskónum. Það hefur löngu sannað tilveru sína og er þekkt aðdráttarafl svæðisins fyrir ferðamenn, íslenska sem erlenda. Á þessu tímabili hefur margt verið reynt til að efla starfsemina og komið í ljós hvað gengur vel og hvað síður. Við viljum hafa fjölbreytni í starfseminni til að höfða til ólíkra hópna og áhugasviða. Fjölbreytnin gerir okkur kleift að fjármagna reksturinn og standa af okkur tímabil samdráttar í ferðaþjónustu. Framundan eru tímar breytinga því stærsti hluti greiðandi gesta kemur nú sjóleiðina. Gestir skemmtiferðaskipa koma í fjölmönnum hópum og því felast áskoranir okkar í að taka á móti þessum stóru hópum með góðu móti. Húsið í Eyrardal er okkur öllum kært og það er andlit Melrakkasetursins. Það er þó of lítið og við þurfum virkilega að finna leiðir til að stækka það til að geta tekið á móti fleiri gestum og tryggja afkomu setursins.

Ég er afar stolt af því hvað Melrakkasetrið stendur föstum fótum. Við erum þó aldrei búin því framundan er mikil uppbygging og endurnýjun á sýningu setursins. Eftir reynslu þessa fordæmalausar vetrar virðumst við næstum vera á byrjunarreit. Við fögnum tíu ára opunarafmæli en gerum það með hægð og dreifum viðburðum á sumarið. Þetta verður mögulega slakt ár í rekstrinum en það gæti líka orðið eitt það allra besta. Við höfum ýmislegt í pokahorninu og ef allt gengur eftir þá mun sýningarhaldið eflast verulega í kjölfarið. Það er engu að kvíða því melrakkasetrið er heilt samfélag og baklandið er sterkt. Það eru margir þarna úti sem deila áhuga okkar á málefnum melrakkans, fyrir það ber að þakka.

F. h. Stjórnar Melrakkaseturs Íslands ehf

Ester Rut Unnsteinsdóttir

Ársskýrsla þessi er lögð fram á aðalfundi þann 20.6. 2020 og varðveitt á heimasíðu félagsins www.melrakki.is